


STAÐA MÁLS

Málnr.:	2016-021F010
Dags:	21. apríl 2016
Staður:	Eyjafirði
Lýsing:	Sjónflug í skýjum
Staða máls:	Maí 2017: Lagt fyrir nefndina

Einkaflugmaður í atvinnuflugsnámi á einkaflugvél TF-ISE (Cessna 172) tók á loft frá flugvelli á Akureyri kl 13:28. Um borð voru einnig tveir farþegar. Hugðist flugmaðurinn fljúga til Reykjavíkur, en fyrr um daginn hafði hann flogið flugvélinni til Akureyrar.



Eftir flugtak frá Akureyrarflugvelli var flugvélinni flogið upp Garðársdal. Þegar flugvélin kom upp úr botni Garðársdal var stefnan tekin til suðvesturs í átt að Skjónafelli í austari botni Eyjafjarðar. Skömmu síðar, um kl 13:50 í um 7500 feta hæð, flaug flugvélin inn í ský og missti flugmaðurinn við það öll sjónflugsviðmið.

Að lokum tókst flugmanninum með aðstoð flugumferðarstjóra í flugturninum á flugvelli á Akureyri að snúa við og lenda á flugvelli á Akureyri.